

223. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÁNUDAGINN 29. SEPTEMBER 2014

símafundur haldinn á Biskupsstofu, kl. 16

FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning.
2. Mál kirkjuráðs á kirkjuþingi 2014.
3. Gagntilboð frá Óla Jóni Ólasyni vegna útleigu á gisti- og veitingaþjónustu í Skálholtsskóla.
4. Önnur mál.

1. FUNDARSETNING

Fundurinn hófst kl. 16. Mætt voru biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, kirkjuráðsmennirnir séra Gísli Gunnarsson og séra Gunnlaugur Stefánsson. Símlíðis á fundinum voru kirkjuráðsmennirnir Ásbjörn Jónsson og Katrín Ásgrímsdóttir.

Tillaga að starfsreglum um val og veitingu prestsembættis nr. 1109/2011

Fundinn sátu jafnframt Ragnhildur Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

2. KIRKJUÞING

Kirkjuþing 2014 verður sett í Grensáskirkju, laugadaginn 25. október nk. kl 9.

Mál kirkjuráðs eru eftirfarandi:

- Skýrsla kirkjuráðs.
 - Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar.
 - Tillaga til þingsályktunar um frumvarp til þjóðkirkjulaga .
 - Tillaga að starfsreglum um breyting á starfsreglum um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 768/2002.
 - Tillaga til þingsályktunar um kaup og sölu fasteigna.
 - Tillaga að starfsreglum um breyting á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009.
 - Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að fjölga sóknarbörnum í þjóðkirkjunni.
 - Tillaga til þingsályktunar um uppbyggingu ferðaþjónustu í Skálholti – *Samferð.*
 - Tillaga til þingsályktunar um breyting á þjóðkirkjulögunum (endurnýjun á heimild til að fresta að auglýsa prestsembætti).
 - Tillaga að starfsreglum um breyting á ýmsum starfsreglum.
-

3. SKÁLHOLT, ÚTLEIGA Á GISTI OG VEITINGAÞJÓNUSTU

Lagt var fram gagntilboð frá Óla Jóni Ólasyni, vegna útleigu á gisti- og veitingaþjónustu í Skálholtsskóla. Lagt var fram bréf sem sr. Halldór Reynisson sendi fyrir hönd skólaráðs, dagsett 23. september 2014.

Kirkjuráð hafnaði tilboði Óla Jóns en ákvað að standa við fyrra tilboð sitt með smávægilegum breytingum. Framkvæmdastjóra kirkjuráðs var falið að kynna tilboð ráðsins fyrir Óla Jóni.

4. ÖNNUR MÁL

Leiga á húsnæði í Ármúla 4 fyrir Biskupsstofu.

Að athuguðu máli var ákveðið að falla frá því að leigja húsnæði fyrir starfsemi Biskupsstofu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:41.

Þorvaldur Víðisson
Biskupsritari

Agnes M. Sigurðardóttir
Biskup Íslands